

ÁRSSKÝRSLA 2018 – 2020

BORÐTENNISAMBAND
ÍSLANDS

Kæru félagar

Eins og ársskýrsla BTÍ 2018-2020 ber með sér hefur ótal margt gerst á næstliðnum tveimur árum innan hreyfingarinnar. Það sem stendur upp úr að mínu mati er aukning á fjölda iðkenda og félaga en á þinginu nú hafa 21 aðildarfélög þingfulltrúa á þinginu frá 17 félögum á síðasta þingi. Sterkir vaxtabroddar eru að koma upp með nýjum félögum á Suðurlandi sem okkur ber skylda að hlúa að. Fleiri sterkir leikmenn úr mismunandi félögum eru að stíga fram og gera sig gildandi og fjöldi leikmanna í kvennaflokkum hefur margfaldast. Við höfum eins og áður lagt áherslu á skýrt regluverk hjá hreyfingunni og hefur okkur borið gæfu til að skapa sæmilega sátt um fyrirkomulag móta. Hefur ritari sambandsins Auður Tinna stýrt því verkefni af mikilli röggsemi. Við höfum haldið áfram að styrkja menntun þjálfara með námskeiðahaldi, m.a. ITTF námskeiði og komu þekktra erlendra þjálfara til að halda fyrirlestra. Einnig með því að senda þjálfara okkar á fyrirlestra erlendis. Sú þróun þarf að halda áfram en það er bjargföst trú mín að hæfir metnaðarfullir þjálfarar sé stór lykill að aukinni getu leikmanna. Einnig er það trú mín að með því að senda yngri leikmenn á mót erlendis stækki sjóndeildarhringur þeirra, metnaður og geta. Fastir liðir í starfi sambandsins undanfarin misseri hefur verið að senda stóra hópa barna og unglinga á erlend mót bæði að vetri og sumri.

Á tímabilinu nú réðum við erlendan landsliðsþjálfara og blés hann einnig nýjan kraft í borðtennishreyfinguna. Hefur landsliðsfólk okkar notið góðs af liðsinni hans og margir þeirra dvalið styttri og lengri tíma hjá honum við æfingar í Noregi. Ég er verulega stoltur af árangri landsliðsfólks okkar á Arctic Open á Íslandi 2019 þar sem íslenskir leikmenn unnu alla titlana en árið á undan vann Ísland ekki einn titill. Við megum vera þakklát landsliðsfólki okkar sem hefur mikinn metnað til að bæta getu sína en margir þeirra hafa undanfarin misseri dvalið erlendis til þess eins að æfa og keppa. Þarf sambandið að halda áfram að opna leikmönnum okkar dyr og styrkja tengsl og samskipti við erlend sambönd og félög.

Sú þróun hefur einnig orðið næstliðin tvö ár að fleiri félög hafa haldið stór mót, m.a. Íslandsmót og úrslitakeppnir í einstaklingsmótum og liðakeppni en bæði HK og BH héldu Íslandsmót fullorðinna með glæsibrag árin 2019 og 2020. Þá hefur umgjörð stærri móta verið veglegri og glæsilegri og höfum við nýtt okkur streymisþjónustur til að sýna beint frá keppni með þulum og gestum í myndveru. Höfum við átt frábært samstarf við aðildarfélög BTÍ sem hafa metnað til að lyfta mótahaldi okkar á hærra plan.

Það eru skrítnir tímar og hefur Covid gert okkur lífið leitt allt frá því í mars síðastliðnum. Erlend mót bæði í liðakeppni og einstaklingskeppni í fullorðins- og unglingsaflokkum hafa fallið niður þrátt fyrir að vonir hafi staðið til þess að hægt yrði að halda t.d. Evrópumót unglinga nú í september. Mótahald á komandi tímabili kann að hökta bæði hér heima og erlendis en tíminn einn mun leiða það í ljós hvernig það fer.

Ég hef verið í stjórn og formaður hjá Borðtennissambandinu nú í áratug. Ég þakka kærlega fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt í gegnum árin en það er ekki sjálfgefið. Það sem hefur haldið mér við efnið í gegnum árin er allt það góða fólk sem er innan hreyfingarinnar og síðastliðin fjögur ár þau Auður Tinna og Hlökkver Steini sem hafa staðið mér við hlið í stjórn BTÍ eins og klettur í gegnum súrt og sætt og leyst með mér verkefni og vandamál sem við fyrstu sýn virtust ókleif. Öðrum samferðarmönnum mínum í stjórn þakka ég einnig samstarfið. Úr hreyfingunni hverf ég að sjálfsgöðu ekki enda hún fjölskylda mín og ætla ég nú að snúa mér aftur að því sem veitir mér mesta ánægu en það er þjálfun leikmanna okkar og styðja þá og efla í vegferð sinni.

Ljóst er að ný stjórn tekur við keflinu eftir þetta þing og óska ég henni velfarnaðar. Bið ég hana að muna að kærleikur felst m.a. í því að hafa þor til að gera ávallt sitt besta, hvert sem verkefnið er og að gott samstarf eins og lífið sjálft snýst um allt aðra hluti en að hafa rétt fyrir sér.

Reykjavík, 8. ágúst 2020

Kær kveðja,
Ingimar Ingimarsson
Formaður BTÍ

-

Efnisyfirlit

Dagskrá þingsins.....	6
Landsliðsverkefni apríl 2018-ágúst 2020.....	7
Landsliðsþjálfarar.....	7
Arctic mótið 2018.....	7
Norður-Evrópumótið 2018.....	8
Heimsmeistaramótið 2019.....	9
Arctic mótið 2019.....	9
Smáþjóðaleikarnir 2019.....	11
Estonia Open 2019.....	11
Unglingalandsliðsverkefni apríl 2018-ágúst 2020.....	13
Unglingalandsliðsþjálfari.....	13
Norður-Evrópumót unglunga 2018.....	13
Evrópumeistaramót unglunga 2018.....	14
Æfingabúðir og mót með Færeyingum 2018 og 2019.....	14
Riga City Council's Youth Cup 2019.....	15
Norður-Evrópumót unglunga 2019.....	16
Evrópumót unglunga 2019.....	16
Riga City Council's Youth Cup 2020.....	17
Keppnisárið 2018-2019.....	18
Samantekt um tímabilið.....	18
Borðtennisfólk 2018.....	18
Íslandsmeistaramótið í liðakeppni 2018-2019.....	19
1. deild karla & kvenna (Raflandsdeildin).....	19
2. deild.....	19
Íslandsmót 2019.....	20
Flokkakeppni unglunga.....	20
Íslandsmót fullorðinna.....	21
Íslandsmót unglunga.....	22
Íslandsmót eldri flokka karla og kvenna.....	22
Lokamót Grand Prix 2018 (eftir síðustu ársskýrslu).....	23
Lokamót Grand Prix 2019.....	23
Lokamót aldursflokkmótaraðar BTÍ 2018 (eftir síðustu ársskýrslu).....	24
Aldursflokkmótaröð BTÍ 2018-2019.....	24
Bikarkeppni félaga 2018.....	24
Reykjavíkurlaikarnir 2019.....	25

Keppnisárið 2019-2020	26
Samantekt um tímabilið	26
Borðtennisfólk 2019.....	26
Íslandsmeistaramótið í liðakeppni 2019-2020	27
Raflandsdeild karla & kvenna.....	27
2. deild.....	27
Íslandsmót 2020.....	28
Flokkakeppni unglunga.....	28
Íslandsmót fullorðinna	28
Íslandsmót unglunga 2020	29
Íslandsmót eldri flokka karla og kvenna	29
Lokamót Grand Prix 2020.....	29
Meistarar aldursflokkamótaraðar BTÍ 2019-2020.....	29
Bikarkeppni félaga 2019.....	29
Reykjavíkurlaikarnir 2020.....	29
Ýmislegt tengt tímabilinu apríl 2018-ágúst 2020	31
Æfingabúðir og borðtenniskynningar.....	31
Þjálfaranámskeið.....	32
Á Íslandi.....	32
Erlendis.....	33
Dómaranámskeið og -réttindi	34
YouTube og Facebook	34
Fjölmiðlaumfjöllun	34
Þátttaka leikmanna árin 2015-2017	35
Breytingar á reglugerðum BTÍ 2018-2020	35

Stjórn BTÍ 1. apríl 2018 - 8. ágúst 2020

Formaður

Ingimar Ingimarsson

Varaformaður

Hlökkver Steini Hlökkversson

Ritari

Auður Tinna Aðalbjarnardóttir

Meðstjórnandi

Sigurður Eiríksson (BPB tók sæti hans á tímabilinu)

Gjaldkeri

Styrmir Stefnisson (KÖE síðar)

Varamenn

Bjarni Þorgeir Bjarnason

Kristján Örn Elíasson

Reynir Björgvinsson

Þingfulltrúar

	Fjöldi keppenda	Fjöldi þingfulltrúa
Akur	27	3
BH	71	4
Dímon	76	4
Garpur	26	3
HK	32	3
HSP	1	2
ÍFR	12	2
KR	150	5
Nes	1	2
Stjarnan	3	2
Umf. Gnúpverja	2	2
Umf. Selfoss	2	2
UMSK	3	2
Ungmf. Eyfellingur	2	2
Ungmf. Hekla	16	2
Ungmf. Samherjar	30	3
Ungmf. Æskan	5	2
Víkingur	68	4
Þór Þorlákshöfn	1	2
Örninn	4	2
Ösp	1	2

Alls:

533

Dagskrá þingsins

Samkvæmt 8. grein laga BTÍ eru störf borðtennisþings þessi:

1. Þingsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Staðfesta lögmæti fundarins.
4. Kosning kjörbréfanefndar.
5. Fara yfir fundargerð síðasta þings.
6. Afhending viðurkenninga.
7. Ávörp gesta.
8. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
9. Reikningar sambandsins lagðir fram.
10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
11. Reikningar bornir undir atkvæði.
12. Fjárhagsáætlun.
13. Lagabreytingar.
14. Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist.
15. Kosning stjórnar og varamanna.
16. Kosning skoðunarmanna reikninga.
17. Val fulltrúa á íþróttþing.
18. Önnur mál.
19. Ávarp formanns.
20. Þingslit.

Landsliðsverkefni apríl 2018-ágúst 2020

Landsliðspjálfararar

Í upphafi tímabilsins var Ólafur Rafnsson landsliðspjálfari, en hann hafði gegnt starfinu frá byrjun árs 2017.

Í október 2018 - desember 2019 var Aleksey Yefremov landsliðspjálfari karla- og kvennaliðsins. Aleksey er frá Hvíta Rússlandi og spilaði með Hvít Rússneska karlalandsliðinu. Lauk hann háskólanámi í íþróttافرæði árið 1996 frá háskólanum í Minsk. 1997 til 2004 starfaði hann sem yfirpjálfari félagsliða í Króatíu. Frá 2004 til 2007 var hann landsliðspjálfari Guatemala og frá janúar 2008 til janúar 2009 yfirpjálfari landsliða Indlands þar sem hann þjálfaði m.a. Sharath Kamal Achanta og Soumajit Gosh. Frá 2009 til 2011 var hann yfirpjálfari hjá Club El Ahly og landsliðum Egyptalands þar sem hann þjálfaði m.a. Omar Assar og El Sayed Lashin. Frá 2011 til 2016 var hann þjálfari landsliða í Suður Ameríku, nánar tiltekið 2011 til 2013 í Kólombíu og 2013 til 2016 í Perú. Frá því í september 2017 var hann þjálfari hjá þremur félögum í vestari hluta Noregs, þ.e. Sportklubben Heros, Laksevag BTK og Fjell Kamerate. Er hann búsettur í Bergen Noregi.

Ráðning Aleksey var ekki framlengd á árinu 2020. Staða landsliðspjálfara hefur ekki verið auglýst á ný, m.a. vegna þess að landsliðsverkefni hafa legið niðri vegna Covid-19 og þess að fráfarandi stjórn vill eftirláta nýrri stjórn verkefnið.

Arctic mótið 2018



Arctic Open árið 2018 var haldið 18.-20. maí í Nuuk á Grænlandi. Ísland sendi 2 karlalið og 2 kvennalið til leiks. Kvennaliðið skipuðu Aldís Rún Lárusdóttir, Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, Stella Karen Kristjánsdóttir, Ársól Clara Arnardóttir, Lára Ívarsdóttir og Þórunn Ásta Árnadóttir. Karlaliðin skipuðu Magnús Gauti Úlfarsson, Magnús Jóhann Hjartarson, Jóhannes Bjarki Tómasson, Ingi Darvis Rodriguez, Birgir Ívarsson og Ellert Kristján Georgsson.


Lið Íslands fengu engin gullverðlaun á mótinu sem er óvenjulegt í sögu leikanna (sjá til samanburðar frétt um mótið ári síðar hér neðar). Karlalið Íslands lentu í 2. og 3.-4. sæti en kvennaliðin í 3. og 4. sæti.

Magnús og Magnús lögðu Birgi Ívarsson og Jóhannes Bjarka Urbancic Tómasson í undanúrslitum, svo Ísland fékk líka brons í þessum flokki. Grænlenku bræðurnir lögðu færeyskt par í hinum undanúrslitaleikjunum.

Aldís Rún Lárusdóttir og Auður Tinna Aðalbjarnardóttir fengu brons í tvíliðaleik kvenna. Þær töpuðu í oddalotu fyrir grænlenka parinu sem sigraði í flokknum.

Aldís Rún Lárusdóttir og Magnús Gauti Úlfarsson fengu brons í tvenndarleik. Þau féllu úr leik fyrir grænlenka parinu sem sigraði í flokknum.

Norður-Evrópumótið 2018



Davíð Jónsson, Magnús Jóhann Hjartarson og Magnús Gauti Úlfarsson kepptu á Norður-Evrópumótinu í Haapsalu í Eistlandi 25.-27. maí 2018. Ísland lenti í 6. sæti á mótinu eftir 3-2 leik um 5. sætið við Eistland. Í þeirri viðureign vann Magnús Gauti Úlfarsson sigur á Pukk Oskar og Davíð Jónsson vann sigur á Luuk Mart.

Heimsmeistaramótið 2019



Heimsmeistaramótið í einstaklingskeppni var haldið í Búdapest í Ungverjalandi í apríl 2019. Fyrir Íslands hönd kepptu þeir Magnús Gauti Úlfarsson, Birgir Ívarsson og Ingi Darvis Rodriguez. Leikmenn Íslands töpuðu öllum leikjum sínum í einliðaleik og tvíliðaleik.

Ingi Darvis Rodriguez vann einu lotuna sem íslensku leikmennirnir unnu, en það var í leik gegn Rares Sipos frá Rúmeníu. Ingi og Magnús Gauti léku saman í tvíliðaleik og töpuðu fyrir ítalska parinu Leonardo Mutti og Matteo Mutti.

Fyrir heimsmeistaramótið höfðu Birgir Ívarsson, BH, Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi, Magnús Gauti Úlfarsson, BH og Stella Karen Kristjánsdóttir, Víkingi farið einu sinni út til Bergen í Noregi, 13-19. janúar 2019 í til æfinga með landsliðsþjálfaranum, fyrir utan reglubundnar æfingar með honum og félagsliðum sínum á Íslandi.

Arctic mótið 2019



Arctic mótið í borðtennis var haldið 18.-20. maí 2019 í TBR húsinu af hálfu BTÍ.

Ísland vann öll fimm gullverðlaunin í einstaklingskeppninni. Ísland vann einnig liðakeppni karla og kvenna og hirti því öll sjö gullverðlaunin sem keppt var um á mótinu. Það hefur ekki gerst áður, frá því að Arctic mótið fór fyrst fram árið 2013, að sama land ynni alla sjö flokkana. Árið áður vann Ísland engan flokk.

Liðakeppni:

Ísland sigraði bæði í liðakeppni karla og kvenna á Arctic mótinu. Það þurfti svo sannanlega að hafa fyrir sigrunum því keppnin var æsispennandi og réðust úrslit ekki fyrr en í blálökin.

Í kvennaflokki urðu þrjú lið efst með 8 stig, þ.e. unnu fjóra leiki og töpuðu einum. Liðin unnu hvort annað í hring og enduðu allir leikirnir 3-2. Ísland-A vann Grænland 3-2 en tapaði 2-3 fyrir A-liði Færeyja. Færeysku stúlkurnar gátu tryggt sér sigur á mótinu með sigri gegn Grænlandi í síðasta leiknum en þar hafði Grænland betur 3-2. Því þurfti að telja loturnar í leikjum þessara liða. Þar hafði Ísland betur, vann 22 lotur en tapaði 18. A-lið Færeyja vann 19 lotur og tapaði 18. Grænlensku konurnar unnu 17 lotur en töpuðu 22. Sigurlið Íslands skipuðu Agnes Brynjarsdóttir, Aldís Rún Lárusdóttir, Nevena Tasic og Stella Karen Kristjánsdóttir. Nevena var drjúg í sigrinum en hún vann alla 8 leiki sína. Hin 12 ára Agnes Brynjarsdóttir lék sína fyrstu landsleiki í fullorðinsflokki á mótinu.

B-lið Færeyja varð í 4. sæti með 4 stig. C-lið Íslands fékk 2 stig og B-lið Íslands ekkert stig.

Keppnin var líka mjög jöfn í karlaflokki og í síðustu umferðinni var staðan sú að Ísland-A gat tryggt sér sigur í keppninni með sigri á Grænlandi. Ísland-A tapaði hins vegar 2-3 og datt þar með niður í 4. sæti. B-lið Íslands sigraði með 8 stig, tapaði aðeins fyrir Íslandi-A 2-3. Lið Grænlands varð í 2. sæti, einnig með 8 stig. A-lið Færeyja fékk 6 stig, eins og A-lið Íslands, en Færeyingar fengu bronsið þar sem þeir unnu Ísland-A. Sigurlið Íslands-B var skipað Ellert Kristjáni Georgssyni, Jóhannesi Bjarka Urbancic Tómassyni og Magnúsi K. Magnússyni.

B-lið Færeyja fékk 2 stig og C-lið Íslands ekkert stig.

Einstaklingskeppni:

Nevena Tasic vann alla flokkana sem hún keppti í, og fór því heim með fjögur gull að lokinni helginni. Hún sigraði í einliðaleik kvenna, í tvíliðaleik með Aldísi Rún Lárusdóttur og í tvenndarleik með Magnúsi Gauta Úlfarssyni auk liðakeppni.

Magnús Gauti sigraði í einliðaleik karla, þar sem hann lagði Magnús Kristinn Magnússon í æsispennandi úrslitaleik. Magnús Kristinn sigraði hins vegar í tvíliðaleik með Jóhannesi Bjarka Urbancic Tómassyni en þeir tveir síðarnefndu voru einnig í sigurliði Íslands í liðakeppni karla. Þeir Jóhannes, Magnús Gauti og Magnús Kristinn unnu því tvö gull hver á mótinu.

Aldís Rún Lárusdóttir vann einnig tvö gull, annað í tvíliðaleik kvenna og hitt í liðakeppni.

Smáþjóðaleikarnir 2019



Smáþjóðaleikarnir voru haldnir í Svartfjallalandi sumarið 2019. Ísland var með eitt lið í liðakeppni karla og eitt í liðakeppni kvenna. Einnig var leikið í tvíliðaleik og einliðaleik.

Karlaliðið var skipað þeim Magnúsi Gauta Úlfarssyni, Magnúsi Jóhanni Hjartarsyni og Inga Darvis Rodriguez. Kvennaliðið var skipað þeim Aldísi Rún Lárusdóttur, Agnesi Brynjarsdóttur og Stellu Karen Kristjánsdóttur.

Magnús Gauti Úlfarsson vann eina leikinn, sem íslensku leikmennirnir unnu á Smáþjóðaleikunum, þegar hann lagði Frederico Giardi frá San Marínó í riðlakeppninni í einliðaleik.

Aldís Rún Lárusdóttir tapaði tveimur leikjum í riðlakeppninni í oddalotu, gegn leikmanni frá Möltu og Montenegro og tapaði 1-3 fyrir leikmanni frá Kýpur. Hún vann því fimm lotur samtals. Ingi Darvis Rodriguez vann lotu gegn leikmanni frá San Marínó. Fleiri lotur leikmanna töpuðust með litlum mun.

Estonia Open 2019

Átta íslenskir landsliðsmenn léku á Estonia Open í Tallinn dagana 28. nóvember.-1. desember 2019. Það voru þau Ingi Darvis Rodriguez, Magnús Gauti Úlfarsson, Ellert Kristján Georgsson, Gestur Gunnarsson, Agnes Brynjarsdóttir og Stella Karen Kristjánsdóttir, Nevena Tasic og Harriet Cardew. Bæði var leikið í liðakeppni og einstaklingskeppni og nutu yngstu leikmennirnir fimm þá góðs af að geta keppt í meyjaflokki og drengjaflokki líkt og þau gerðu á Evrópumóti unglunga fyrr sama ár.

Karlalið Íslands sigraði Eistland 5 2-0 í 1. umferð liðakeppninnar. Drengjaliðið lagði Eistland 3 í sínum fyrsta leik. Nevena Tasic vann sinn einliðaleik gegn Eistlandi 2 í liðakeppni kvenna en viðureignin tapaðist í tvíliðaleik, sem var oddaleikurinn. Meyjaliðið tapaði naumlega gegn Danmörku, en báðir einliðaleikirnir töpuðust í framlengdri oddalotu.

Einliðaleikur: Í karlaflokki varð Ingi Darvis Rodriguez 28. sæti, Gestur Gunnarsson í 46. sæti, Magnús Gauti Úlfarsson í 49. sæti og Ellert Kristján Georgsson í 61. sæti. Í kvennaflokki hafnaði

Harriet Cardew í 28. sæti, Agnes Brynjarsdóttir í 30. sæti, Nevena Tasic í 33. sæti og Stella Karen Kristjánsdóttir í 39. sæti.



Unglingalandsliðsverkefni apríl 2018-ágúst 2020

Unglingalandsliðsþjálfarari

Í upphafi tímabilsins var Kristján Viðar Haraldsson ungingalandsliðsþjálfari, en hann hafði gegnt starfinu frá mars 2016. Starfið var auglýst haustið 2018 og tók Tómas Ingi Shelton við stöðu ungingalandsliðsþjálfara.

Norður-Evrópumót unglunga 2018

Norður-Evrópumót unglunga fór fram í Haapsalu í Eistlandi helgina 26.-28. júní (sjá mynd). 20 íslenskir keppendur tóku þátt í mótinu.



Í liðakeppni luku íslensku ungingalandsliðin keppni í 6.-10. sæti.

Magnús Gauti Úlfarsson náði bestum árangri íslensku unglunganna og bestum árangri íslenskra unglunga frá upphafi þessa móts, en hann varð í 8. sæti í einliðaleik 16-18 ára. Stella Karen Kristjánsdóttir varð í 11. sæti og Þórunn Ásta Árnadóttir og Lóa Floriansdóttir Zink í 12. sæti. Stúlkurnar unnu enga erlenda leikmenn í einliðaleiknum en það gerði Magnús Gauti, sem og Ingi Darvis Rodriguez og Ellert Kristján Georgsson.

Evrópumeistaramót unglunga 2018

Unglingalandsliðið var skipað eftirfarandi leikmönnum

Junior drengir (16-18 ára)

Birgir Ívarsson, BH

Ellert Kristján Georgsson, KR

Magnús Gauti Úlfarsson, BH

Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi

Ýmis góðir sigrar náðust, m.a. landsleikur gegn Makedóníu, einliðaleikur gegn Moldovu og Wales og tvíliðaleikur og einliðaleikur gegn Azerbaidjan.



Þá má nefna að Hannes Guðrúnarson dæmdi á mótinu, sem var hans fyrsta alþjóðlega mót og fékk hann m.a. að dæma undanúrslitaleik í einliðaleik drengja 16-18 ára.

Æfingabúðir og mót með Færeyingum 2018 og 2019

5.-7. október 2018 fóru fram æfingabúðir og mót með 12 færeyskum ungingalandsliðskeppendum í íþróttahúsi Hagaskóla. Um nýtt framtak var að ræða sem BTÍ og BTSF stóðu fyrir.

Á mótinu var leikið í einliðaleik og tvíliðaleik og sigruðu færeysku gestirnir í tvíliðaleik drengja og einliðaleik stúlkna en íslensku leikmennirnir í tvíliðaleik stúlkna, einliðaleik kadett drengja, kadett stúlkna og minikadett stúlkna. Agnes Brynjarsdóttir fór heim með þrjú gull, því hún sigraði í bæði kadett og minikadett flokki, sem og tvíliðaleik með Berglinni Magnúsdóttur.





Ári síðar fóru 12 Íslendingar til Færeyja ásamt Bjarna Bjarnasyni og Sigurði Eiríkssyni sem var honum til aðstoðar. Æfingar gengu vel og á síðasta degi var keppt í fjórum einliðaleiksflokkum. Sigur vannst í tveimur flokkum af fjórum eða í U15 strákar (Eiríkur Logi) og U13 strákar (Kristófer Júlían).

Riga City Council's Youth Cup 2019



13 börn og unglingar tóku þátt í mótinu Riga City Council's Youth Cup fyrir íslenska unglíngalandsliðið (sjá mynd).

Á mótinu kepptu leikmenn frá ýmsum þjóðum, m.a. Englandi, Noregi, Azerbajjan, Hvíta Rússlandi, Eistlandi, Lettlandi, Póllandi, Rússlandi, Úkraínu, Úzbekistan og Færeyjum sem sendu fyrsta sinn keppnislið á mótið. Var þetta annað árið sem Ísland sendir hóp á mótið.

Norður-Evrópumót unglunga 2019



Liðakeppni:

Íslenska drengjaliðið (16-18 ára) varð í 4. sæti af 6 liðum í liðakeppninni, eftir sigra gegn Finnlandi og Eistlandi-II. Sveinaliðið varð í 10. sæti af 11 liðum, stúlknaliðið varð í 5. sæti af 5 liðum og meyjaliðið í 6. sæti af 6 liðum.

Ingi Darvis Rodriquez vann fjóra leiki í liðakeppninni, Ellert Kristján Georgsson þrjá, Gestur Gunnarsson einn og Eiríkur Logi Gunnarsson einn.

Einliðaleikur: Keppt var í einliðaleik á Norður-Evrópumóti unglunga (NETU) 27. og 28. júní. Ingi Darvis Rodriquez náði bestum árangri íslensku unglunganna í einliðaleik og jafnaði bestan árangur íslenskra unglunga frá upphafi þessa móts, en hann varð í 8. sæti eins og Magnús Gauti Úlfarsson árinu áður.

Ellert Kristján Georgsson varð í 13. sæti í drengjaflokki og Eiríkur Logi Gunnarsson í 22. sæti í sveinaflokki en þeir unnu erlenda leikmenn í einliðaleik. Öðrum í íslenska leikmannahópnum tókst ekki að vinna sigur á erlendum leikmönnum í einliðaleiknum.

Evrópumót unglunga 2019

Evrópumót unglunga fór fram í Ostrava í Tékklandi 7.-14. júlí 2019.



Ísland sendi drengjalið (Ingi Darvis Rodriguez, Gestur Gunnarsson og Ellert Kristján Georgsson) og meyjalið (Agnes Brynjarsdóttir og Harriet Cardew).

Drengjaliðið sigraði Möltu 3-1, þar sem Ingi Darvis vann báða sína leiki og Gestur vann sinn leik. Ingi vann einnig leik á móti Noregi, þar sem hann lagði Fredrik Buringrud-Langen 3-1. Í liðakeppninni vann Ingi Darvis Rodriguez einnig Ethan Walsh frá Englandi, Ellert vann Deniss Vasiljevs frá Lettlandi 20-18 í oddalotu og Ingi Darvis sem lagði Jacob Bjurstrom frá Lúxemborg 15-13 í oddalotu. Átti Ingi Darvis frábært mót.

Í lok liðakeppninnar lagði drengjaliðið Möltu 3-1 öðru sinni á mótinu og varð þar með í 43. sæti. Meyjaliðið vann Skotland 3-2 og varð í 34. sæti. Mörg ár voru síðan íslenskar stúlkur unnu síðast landsleik á EM unglinga. Allir leikmenn Íslands á mótinu unnu þar með leik á þessu móti.

Til viðbótar vann Ellert tvo leiki í einstaklingskeppni mótsins og Ingi einn.

Riga City Council's Youth Cup 2020

Átta leikmenn, fjórir drengir og fjórar stúlkur, kepptu á mótinu að þessu sinni þann 14.-16. febrúar í Riga í Lettlandi.

Íslensku leikmennirnir unnu marga leiki í ferðinni. Agnes Brynjarsdóttir og Sól Kristínardóttir Mixa unnu tvo leiki í útsláttarkeppni taphliðar ("second final") í stúlknafllokki fæddra 2002-2004 og höfnuðu í 41.-47. sæti af 77 keppendum, en þær eru báðar fæddar 2006. Í flokki meyja fæddra 2005-2007 vann Sól þrjá leiki í útsláttarkeppni taphliðar og varð í 53.-56. sæti og Agnes tvo og varð í 57.-64. sæti, en keppendur voru 87.

Eiríkur Logi Gunnarsson vann leik í riðlinum og í útsláttarkeppni taphliðar í flokki sveina fæddra 2005-2007 og varð í 57.-64. sæti af 96 keppendum. Dagur Orrason vann líka leik í riðlinum og endaði í 65.-80. sæti en hann er fæddur 2008.

Eiríkur Logi lék líka í flokki drengja fæddra 2002-2004, og vann tvo leiki í riðlinum.

Keppnisárið á Íslandi 2018-2019

Samantekt um tímabilið

Agnes Brynjarsdóttir, Víkingi, hækkaði mest allra á styrkleikalista BTÍ frá 1. júlí 2018 til 1. júlí 2019 en hún bætti sig um 161 stig á milli ára. Það er einu stigi meira en Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir, KR, sem bætti við sig á keppnistímabilinu. Ellert Kristján Georgsson, KR, hækkaði mest allra karla á listanum á sama tíma, eða um 157 stig. Þetta er í fyrsta skipti, síðan þessar samantektir birtust fyrst fyrir keppnistímabilið 2006-2007, sem konur hækka mest á listanum.

Agnes hækkaði næstmest kvenna árið á undan, og hefur hækkað um 318 stig á tveimur árum. Margar borðtenniskonur eru í framför ef marka má styrkleikalistann, því alls hækkuðu sex konur um meira en 100 stig á listanum á milli ára. Þær voru, auk Agnesar og Krístínar: Harriet Cardew, BH (134 stig), Lóa Floriansdóttir Zink, KR (129 stig), Nevena Tasic, Víkingi (124 stig) og Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR (104 stig). Það gerist ekki á hverju ári að kvenkyns borðtennisspilari bætti við sig 100 stigum á milli ára, og nú náðu s.s. sex konur þeim áfanga.

Ellert var meðal þeirra sem hækkuðu mest keppnistímabilið 2017-2018 og hefur hækkað um 300 stig á tveimur árum. Birgir Ívarsson, BH hækkaði næstmest karla og bætti sig um 134 stig á milli ára. Þar á eftir komu Örn Þórðarson, HK (129 stig), Thomas Charukevic, BH (121 stig) og Gestur Gunnarsson, KR (119 stig). Aðrir karlar bættu við sig minna en 100 stigum á keppnistímabilinu.

Á keppnistímabilinu 2018-2019 var keppt um 42 Íslandsmeistararitla. KR vann flesta titla eða 17,5, BH vann 13 titla, Víkingur 10 og HK 1,5. KR og BH unnu flesta titla í fullorðisflokkum, 5 hvort. KR vann flesta titla í unglingsflokkum eða 9,5 titla af 23, sem keppt var um og einnig flesta titla í öldungaflokkum, 3 talsins.

Alls dreifðust Íslandsmeistararitlarnir á 40 einstaklinga, sem er nokkru minna en í fyrra, þegar 47 einstaklingar unnu Íslandsmeistaratitil.

Kristófer Júlían Björnsson, BH, vann flesta titla á tímabilinu eða fimm Íslandsmeistararitla. Kristófer vann alla fjóra titlana í piltaflokki og var þar að auki í sigurliði BH-B í 2. deild karla.

Agnes Brynjarsdóttir, Víkingi; Alexía Krístínardóttir Mixa; BH og Eiríkur Logi Gunnarsson, KR, unnu fjóra titla hvert.

Ásta M. Urbancic, KR; Gestur Gunnarsson, KR; Hildur Halla Þorvaldsdóttir, KR; Ingi Darvis Rodriguez, Víkingur; Magnús Gauti Úlfarsson, BH og Stella Karen Krístjánsdóttir, Víkingi unnu þrjá titla hvert.

Magnús Gauti Úlfarsson, BH vann flesta Íslandsmeistararitla í meistaraflokki, þrjá talsins, en Agnes Brynjarsdóttir, Víkingi; Aldís Rún Lárusdóttir, KR, og Birgir Ívarsson, BH unnu tvo titla hvert í meistaraflokki.

Borðtennisfólk 2018

Magnús Gauti Úlfarsson BH og Stella Karen Krístjánsdóttir Víkingi voru með yfirburðum kosin borðtennismaður og borðtenniskona ársins 2018. Bæði hlutu þau nafnbótina í fyrsta sinn.

Kosningin var rafræn í fyrsta skipti. Kosningaþátttakan fór fram úr öllum væntingum og ákvað stjórn BTÍ að halda þessu fyrirkomulagi áfram.

Íslandsmeistaramótið í liðakeppni 2018-2019

1. deild karla & kvenna (Raflandsdeildin)



A-lið BH varð Íslandsmeistari í 1. deild karla og Víkingur í 1. deild kvenna eftir úrslitaleiki í Raflandsdeildinni, sem fram fóru í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði laugardaginn 13. apríl. Þetta var í fyrsta skipti sem BH verður Íslandsmeistari í liðakeppni 1. deildar karla en Víkingskonur unnu síðast í 1. deild kvenna

fyrir fimm árum síðan. Allir leikir voru sýndir beint á vefnum og var þeim lýst, sem var nýmæli af hálfu sambandsins.

Í karlaleiknum mættust liðin, sem urðu í efstu tveimur sætum í deildinni en sömu lið mættust í úrslitakeppninni árinu áður. Tveir stigahæstu leikmennirnir á styrkleikalistanum mættust í fyrsta leik. Magnús Gauti Úlfarsson, BH sigraði Magnús K. Magnússon, Víkingi 11-7 í oddalotu eftir vel leikinn leik. Þá léku Birgir Ívarsson, BH og Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi. Aftur var leikurinn jafn og spennandi og lauk með 11-8 sigri Magnúsar í oddalotu, og staðan í leiknum því jöfn, 1-1. Í tvíliðaleiknum léku Birgir og Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson fyrir BH en Magnús Jóhann og Ingi Darvis Rodriguez fyrir Víking. BH vann nokkuð öruggan 3-0 sigur og staðan orðin 2-1 fyrir BH. Þá léku Magnús Gauti og Ingi og enn fór leikurinn í oddalotu. Þar sigraði Magnús Gauti 11-6 og tryggði BH Íslandsmeistaratitilinn í fyrsta skipti. Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, BH og Sindri Þór Sigurðsson, Víkingi, voru einnig leikmenn í liðunum.

Í úrslitaleiknum í kvennadeildinni voru ungu konurnar áberandi og aðeins ein af átta í liðunum fædd á síðustu öld. Hinar sjö eru fæddar 2001-2006. Nevena Tasic úr Víkingi tapaði ekki leik þennan vetur og á því varð ekki breyting þegar hún sigraði Kristínu Ingibjörgu Magnúsdóttur örugglega 3-0. Næst léku Agnes Brynjarsdóttir fyrir Víking og Lóa Floriansdóttir Zink fyrir KR-B. Leikurinn var mjög jafn og lauk flestum lotunum með tveggja stiga mun. Lóa var 2-1 yfir í lotum og hafði 10-7 forystu í fjórðu lotunni en náði ekki að innbyrða sigurinn og Agnes kom til baka og vann lotuna. Oddalotunni lauk svo með 11-9 sigri Agnesar og staðan 2-0 fyrir Víking. Í tvíliðaleiknum léku Agnes og Stella Karen Kristjánsdóttir fyrir Víking og Lóa og Þóra Þórisdóttir fyrir KR. Víkingur vann tvær fyrstu loturnar og þurfti aðeins eitt stig í þriðju lotunni til að innbyrða sigurinn. KR-stúlkurnar knúðu fram sigur í lotunni og unnu svo fjórðu lotuna. Víkingsstúlkurnar unnu svo öruggan sigur í oddalotunni og fögnuðu fyrsta titli félagsins í fimm ár. Engin þessara leikmanna hafði áður unnið Íslandsmeistaratitil í deildinni. Auk þeirra sem léku þennan dag eru þau Þórunn Ásta Árnadóttir í liði Víkings og Lára Ívarsdóttir í liði KR.

2. deild

Úrslit í 2. deild réðust 6. apríl 2019, þegar undanúrslit og úrslit voru leikin í Íþróttahúsi Snælandsskóla í Kópavogi.

Í undanúrslitum mættust annars vegar BH-B og BH-C og sigraði B-liðið 3-1. Í hinum undanúrslitunum léku Víkingur-B og Akur og höfðu Víkingar sigur í þeirri viðureign 3-1.



Í úrslitunum mættust því BH-B og Víkingur-B, og höfðu Hafnfirðingarnir sigur 3-1. Í liði BH-B léku Tómas Ingi Shelton og feðgarnir Björn Brynjar Jónsson og Kristófer Júlían Björnsson.

Íslandsmót 2019

Flokkakeppni unglinga



Íslandsmótið í flokkakeppni unglinga í borðtennis 2018 fór fram í íþróttahúsi Hagaskóla 16.-17. mars 2018 og var í umsjón borðtennisdeildar KR.

Í drengjaflokki (16-18 ára, fæddir 2001-2003) urðu Ellert Kristján Georgsson og Gestur Gunnarsson í A-liði KR Íslandsmeistarar. Þeir unnu alla leiki liðsins 3-0. KR-B varð í 2. sæti, KR-C í 3. sæti og BH-A í 4. sæti.

Í flokki sveina (14-15 ára, fæddir 2004-2005) urðu Eiríkur Logi Gunnarsson (bróðir Gestis) og Ólafur Steinn Ketilbjörnsson í A-liði KR Íslandsmeistarar en þeir unnu allar viðureignir sínar. Hörð keppni var um hin þrjú verðlaunasætin og fengu þrjú lið jafnmörg stig. Röd liðanna réðst á hlutfalli unninna og tapaðra leikja. KR-B hreppti 2. sætið, Víkingur-B 3. sætið og Víkingur-A 4. sætið.

Alexía og Sól Kristínardætur Mixa úr BH unnu titilinn í telpnaflokki þriðja árið í röð og lögðu þær Agnesi Brynjarsdóttur úr Víkingi og Berglinði Önnu Magnúsdóttur úr KR 3-2 í jöfnum og spennandi úrslitaleik.

Í piltaflokki voru Hafnfirðingarnir í BH gríðarsterkir og áttu þrjú lið af fjórum í undanúrslitum. A-liðið var þar sterkast og vann alla leiki sína 3-0. Í úrslitum mætti liðið C-liði BH, þeim Davíð Snæ Sveinssyni og Kristófer Loga Ellertssyni. A-liðið skipuðu Birkir Smári Traustason og Kristófer Júlían Björnsson en Kristófer var einnig í sigurliði BH í fyrra.

Í meyjaflokki unnu KR-ingarnir Hildur Halla Þorvaldsdóttir og Þuríður Þöll Bjarnadóttir 3-0 sigur á sameiginlegu liði frá BH og KR, skipað Freyju Dís Benediktsdóttur, Kristjönu Áslaugu Káradóttur og Söru Elísabetu Jónsdóttur.

Í stúlknaflokki unnu Víkingsstúlkurnar Stella Karen Kristjánsdóttir og Þórunn Ásta Árnadóttir alla leiki sína 3-0 og unnu titilinn þriðja árið í röð. Liðin í 2.-4 sæti voru jafnari og hart barist en það var B-lið KR, skipað Láru Ívarsdóttur og Þóru Þórisdóttur sem hreppi silfrið.

Íslandsmót fullorðinna



Agnes Brynjarsdóttir, Víkingi og Magnús Gauti Úlfarsson, BH, sigruðu í meistaraflokki á Íslandsmótinu 2019, sem fram fór um helgina í Íþróttahúsinu Digranesi í Kópavogi. Agnes var 12 ára og er yngsti Íslandsmeistari í meistaraflokki kvenna frá upphafi. Magnús Gauti sigraði í einliðaleik annað árið í röð.

Aðrir Íslandsmeistarar, sem krýndir voru á mótinu voru þau Aldís Rún Lárusdóttir og Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, KR í tvíliðaleik kvenna og Birgir Ívarsson og Magnús Gauti Úlfarsson, BH í tvíliðaleik karla. Í 1. flokki sigruðu Ársól Clara Arnardóttir, KR og Gestur Gunnarsson, KR. Í 2. flokki unnu Alexía Kristínardóttir Mixa, BH og Elvar Pierre Kjartansson, KR. Þá unnu Aldís Rún Lárusdóttir og Davíð Jónsson KR sigur í tvenndarkeppni, eins og áður hefur komið fram. Aldís Rún og Magnús Gauti sigruðu því tvöfalt á mótinu. Aldís Rún og Auður Tinna sigruðu einnig í tvíliðaleik kvenna árinu áður og vörðu því titil sinn.

Þetta var í fyrsta skipti sem Íslandsmótið í borðtennis fór fram í Kópavogi og var skipulag í höndum Borðtennisdeildar HK sem leysti verkefnið með sóma.

Íslandsmót unglunga



Íslandsmót unglunga í borðtennis árið 2019 var um helgina 30.-31 mars. Mótið fór að þessu sinni fram í Frostaskjóli og var það í umsjón Borðtennisdeildar KR.

120 keppendur voru skráðir til leiks frá 9 félögum.

Leikmenn úr BH, KR og Víkingi unnu titlana á mótinu og Eiríkur Logi Gunnarsson, KR, Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi og Kristófer Júlían Björnsson, BH urðu þrefaldir meistarar. Agnes Brynjarsdóttir, Víkingi, Alexía Kristínardóttir Mixa, BH og Hildur Halla Þorvaldsdóttir, KR, urðu tvöfaldir meistarar.

Íslandsmót eldri flokka karla og kvenna



Íslandsmót eldri flokka karla og kvenna fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 27. apríl 2019. Góð þátttaka var í mótinu sem var mjög skemmtilegt, þar sem keppendur komu frá félögnum Víkingi, KR, HK og BH.

Íslandsmeistarar í einliðaleik urðu Örn Þórðarson HK, Ásta Urbancic KR, Kristján Jónasson Víkingi, og Pétur Ó. Stephensen Víkingi. Íslandsmeistarar í tvíliðaleik urðu Ásta Urbancic og Anna Sigurbjörnsdóttir KR og Kristján Jónasson Víkingi og Bjarni Bjarnason HK og Íslandsmeistarar í tvenndarleik urðu Ásta Urbancic og Hannes Guðrúnarson KR.

Lokamót Grand Prix 2018

Lokamót Grand Prix mótaraðar BTÍ fór fram sunnudaginn 22. apríl 2018 í TBR-Íþróttahúsinu.

Átta leikmenn í karlaflokki og kvennaflokki höfðu áunnið sér rétt til að leika á lokamótinu. Magnús Gauti Úlfarsson, BH og Nevena Tasic, Víkingi, sigruðu á mótinu.

Magnús Gauti vann Sindra Þór Sigurðsson, Víkingi í úrslitaleik í karlaflokki. Leiknum lauk með 4-1 sigri Magnúsar (6-11, 11-5, 11-8, 11-4, 11-3). Magnús vann Inga Darvis Rodriquez, Víkingi 4-2 í hörkuleik í undanúrslitum, og hefndi þar með fyrir tapið í úrslitaleik aldursflokkmótaraðarinnar fyrr um daginn. Sindri lagði Birgi Ívarsson, BH, 4-1 í hinum undanúrslitaleiknum.

Í kvennaflokki mættust Nevena Tasic, Víkingi, og Aldís Rún Lárusdóttir, KR í úrslitum, en þetta var fyrsta innbyrðis viðureign þeirra. Nevena sigraði 4-2 í hörkuleik (6-11, 11-6, 11-6, 8-11, 11-6, 11-6), og er fengur fyrir íslenskan kvennaborðtennis að fá svona öflugna borðtenniskonu í hópinn. Í undanúrslitum lagði Nevena Stelli Karen Kristjánsdóttur, Víkingi 4-0 en Aldís vann Ársól Clöru Arnardóttur, KR, 4-1.

Auk verðlaunahafa voru keppendur í karlaflokki Gestur Gunnarsson, KR, Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, BH, Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, BH og Tomas Charukevic, BH.

Í kvennaflokki kepptu auk verðlaunahafa Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, KR, Guðrún Gestsdóttir, KR, Lára Ívarsdóttir, KR og Puríður Þöll Bjarnadóttir, KR.

Lokamót Grand Prix 2019

Lokamót Grand Prix mótaraðar BTÍ fór fram laugardaginn 27. apríl 2019. Keppt var í karlaflokki og kvennaflokki þeirra átta leikmanna sem voru stigahæst að loknum þremur Grand Prix mótum keppnistímabilsins.

Í karlaflokki léku til úrslita Magnús K. Magnússon, Víkingi gegn Jóhannesi Bjarka Urbancic Tómassyni, BH. Um hörkuleik og spennandi leik var að ræða þar sem Magnús sigraði í oddalotu 4 – 3 (11-5, 7-11, 11-6, 9-11, 11-7, 7-11 og 11-4).

Í kvennaflokki léku til úrslita Nevena Tasic Víkingi gegn Kristínu Ingibjörgu Magnúsdóttur, KR. Nevena sigraði örugglega 4 – 0 (11-6, 11-3, 11-5, 11-0).

Úrslit voru eftirfarandi:

Kvennaflokkur:

1. Nevena Tasic Víkingur
2. Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir KR
- 3-4. Agnes Brynjarsdóttir Víkingur
- 3-4. Harriet Cardew BH

Karlaflokkur:

1. Magnús K. Magnússon Víkingur
2. Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson BH
- 3-4. Örn Þórðarson HK
- 3-4. Pétur Marteinn Urbancic Tómasson BH

Í 5.-8. sæti í kvennaflokki voru: Alexía Kristínardóttir Mixa, BH; Lára Ívarsdóttir, KR; Sól Kristínardóttir Mixa, BH og Stella Karen Kristjánsdóttir, Víkingi.

Í 5.-8. sæti í karlaflokki voru: Guðmundur Ragnar Guðmundsson, Víkingi; Hákon Atli Bjarkason, ÍFR og Óskar Agnarsson, HK.

Lokamót aldursflokka mótaraðar BTÍ 2018 (eftir síðustu ársskýrslu)

Átta stigahæstu unglungunum að loknum unglungamótum vetrarins í hverjum fjögurra aldursflokka drengja og stúlkna var boðið á lokamót aldursflokka mótaraðar Borðtennissambands Íslands, sem fram fór í TBR-húsinu 22. apríl.

Sigurveggarar á mótinu voru þessir: Agnes Brynjarsdóttir, Víkingi; Alexander Ivanov, BH; Arnar Logi Viðarsson, Akri; Eiríkur Logi Gunnarsson, KR; Harriet Cardew, BH; Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi; Natalía Kjerúlf Óskarsdóttir, KR og Stella Karen Kristjánsdóttir, Víkingi.

Aldursflokka mótarað BTÍ 2018-2019

Agnes Brynjarsdóttir, Víkingi; Alexander Ivanov, BH; Eiríkur Logi Gunnarsson, KR; Ellert Kristján Georgsson, KR; Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR; Kristófer Júlían Björnsson, BH; Stella Karen Kristjánsdóttir, Víkingi og Púriður Pöll Bjarnadóttir, KR, sigruðu í sínum flokki á mótaraðinni.

Í fyrsta sinn var meistari hvers flokks krýndur vegna samanlagðs árangurs í stað lokamóts með útslætti.

Bikarkeppni félaga 2018



Bikarkeppni félaga í borðtennis fór fram í TBR-Íþróttahúsinu laugardaginn 3. nóvember 2018.

Úrslitaleikinn léku lið Víkings A gegn liði BH A og fór hann 4-1 fyrir Víking.

1. Leikur: Magnús K. Magnússon – Magnús Gauti Úlfarsson: 13 -11, 6-11, 11-6, 11-5.
2. Ingi Darvis – Birgir Ívarsson: 11-6, 11-9, 11-7.
3. Nevana Tasic –Harriet Cardew: 11-5, 11-6, 11-7.
4. Tvíliðaleikur: Magnús/Ingi Darvis – Birgir/Magnús Gauti: 1-11, 6-11, 11-7, 4-11.
5. Tvenndarkeppni: Ingi Darvis/Nevana – Magnús Gauti/Harriet: 11-7, 11-7, 11-5.

Reykjavíkurlaikarnir 2019

Borðtennismót Reykjavíkurlaikanna fór fram í TBR-íþróttahúsinu þann 26. janúar 2019. Mótið er boðsmót og keppa þá jafnan flestir af bestu leikmönnum landsins auk erlendra boðsgesta.

Í karlaflokki léku í undanúrslitum Seth Egenberg frá Noregi gegn Magnúsi Gauta Úlfarssyni BH. Leikar fóru þannig að Seth Egenberg sigraði 4 – 3 í mjög spennandi og góðum leik (11-6, 9-11, 14-12, 7-11, 7-11, 12-10 og 11-5).

Í hinum undanúrslitaleiknum lék Magnús K. Magnússon Víkingi gegn Inga Darvis Rodriguez Víkingi. Leikar fóru þannig að Magnús sigraði eftir mjög spennandi hörkuleik 4 – 3 (5-11, 12-10, 11-9, 11-1, 7-11, 13-15 og 11-7).



Úrslitaleikinn léku því Norðmaðurinn Seth Egenberg gegn Magnúsi K. Magnússyni Víkingi. Leikurinn var skemmtilegur og góður þar sem Seth Egenberg sigraði 4 – 2 (11-6, 5-11, 7-11, 11-7, 11-8 og 11-9).

Í kvennaflokki léku í undanúrslitum Victoria Eilertsen Noregi gegn Stellu Karen Kristjánsdóttur Víkingi. Victoria sigraði nokkuð örugglega 4 – 0 (11-5, 11-5, 15-13 og 11-4).

Í hinum undanúrslitaleiknum lék Nevena Tasic Víkingi gegn Aldísi Rún Lárusdóttur KR. Nevena sigraði nokkuð örugglega 4 – 1 (11-5, 5-11, 11-8, 11-7, og 11-9).

Úrslitaleikinn léku því Nevena Tasic Víkingi gegn Victoria Eilertsen frá Noregi. Leikar fóru þannig að Nevena sigraði eftir mjög góðan og spennandi úrslitaleik 4 – 3 (11-4, 11-5, 7-11, 9-11, 11-6, 12-14 og 11-7).

Keppnisárið 2019-2020

Samantekt um tímabilið

COVID-19 og takmarkanir sóttvarnaryfirvalda tengdar veirunni settu svip sinn á keppnisárið allt frá miðjum mars 2020. Öll mót sem eftir voru, voru felld niður að undanskildu Íslandsmóti unglinga og úrslitakeppni Íslandsmeistaramótsins í liðakeppni og 2. deildar karla, sem eru á dagskrá um mánaðarmótin september/október 2020 (sjá nánar í lið um þessi mót hér að neðan).

Ekki hefur verið skrifuð samantekt um úrslit móta ársins en um styrkleikalistann hefur verið gerð eftirfarandi samantekt:

Eiríkur Logi Gunnarsson, KR, hækkaði mest allra á styrkleikalista BTÍ frá 1. júní 2019 til 1. júní 2020 en hann bætti sig um 227 stig á milli ára. Alexía Kristínardóttir Mixa, BH, hækkaði mest kvenna á listanum á sama tíma, eða um 116 stig.

Alexía var eina konan, sem hækkaði um meira en 100 stig á listanum á milli ára, en auk Eiríks náðu sex karlar því takmarki: Reynir Georgsson, HK, hækkaði næstmest eða um 196 stig og Ladislav Haluska, Víkingi, hækkaði um 165 stig. Þá komu Gestur Gunnarsson, KR (135 stig), Guðjón Páll Tómasson, KR (126 stig), Óskar Agnarsson, HK (123 stig) og Thomas Charukevic, BH (115 stig).

Sandra Dís Guðmundsdóttir, BH, bætti sig næstmest kvenna, eða um 77 stig og Berglind Anna Magnúsdóttir, KR, bætti við sig 66 stigum.

Vegna COVID-19 eru færri mót að baki þessum tölum en undanfarin ár.

Borðtennisfólk 2019

Magnús Gauti Úlfarsson úr BH og Nevena Tasic Víkingi voru kjörin borðtenniskarl og borðtenniskona ársins 2019 í desember 2019. Þetta var í annað skiptið sem Magnús hlaut nafnbótina en það fyrsta hjá Nevenu.



Íslandsmeistaramótið í liðakeppni 2019-2020

Raflandsdeild karla & kvenna



Síðustu umferðir í Raflandsdeildinni í borðtennis fóru fram í TBR húsinu laugardaginn 22. febrúar. Þá varð ljóst hvaða lið urðu deildarmeistarar en í kvennaflokki var það lið Víkings og í karlaflokki var það KR-A.

Kvennalið Víkings skipað þeim Agnesi Brynjarsdóttur, Lóu Florionsdóttur Zink, Nevenu Tasic, Stellu Karen Kristjánsdóttur og Þórunni Ástu Árnadóttur vann báða leiki dagsins. Fyrri leikurinn gegn KR-B endaði 3-0 sem og síðari leikurinn sem þær spiluðu við KR-C. Þar með náðu Víkingsstúlkur að verja titilinn frá síðasta ári og eru því deildarmeistarar fyrir tímabilið 2019-2020 eftir að hafa farið taplausar í gegnum veturinn. Í öðru sæti var lið BH og í þriðja sæti var KR-A.

Í karlaflokki réðust úrslitin í síðustu leikjum dagsins en lið KR-A sigraði í báðum sínum leikjum og tryggði sér um leið deildarmeistaratitilinn. Fyrir liðið spiluðu Davíð Jónsson, Ellert Georgsson, og og bræðurnir Pétur og Skúli Gunnarssynir. KR-A vann í fyrri umferð dagsins lið Víkings B 3-0 og í seinni umferðinni sigruðu þeir lið HK-A 3-1. Í öðru sæti í deildinni var lið BH-A og í þriðja sæti Víkingur A.

Vegna COVID-19 á enn eftir að spila úrslitakeppni deildanna og standa vonir til að það takist helgina 19.-20. september 2020. Ný stjórn BTÍ skal skv. fyrri ákvörðun fráfarandi stjórnar tilkynna 1. september 2020 hvort ástand og reglur sóttvarnaryfirvalda leyfi að keppnin fari fram.

2. deild

Í 2. deild karla luku 7 lið keppni. Tvö lið voru frá KR, eitt frá HK, eitt frá Víkingi, eitt frá ÍFR og tvö frá BH. Lið Víkings endaði í 1. sæti, lið HK í 2. sæti og lið KR D í 3. sæti eftir jafna keppni sem réðst í síðasta leik.

Líkt og varðandi Raflandsdeildirnar ræðst 1. september næstkomandi hvort úrslitakeppnin fari fram 19. september 2020.

Íslandsmót 2020

Flokkakeppni unglunga

Kept var um Íslandsmeistaratitlana í flokkakeppni unglunga í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði laugardaginn 7. mars. Um 30 lið voru skráð til leiks en 5 lið frá Garpi og Selfossi afboðuðu sig vegna veikinda og veðurs. Lið frá Stjörnunni tók þátt í mótinu í fyrsta skipti í mörg ár auk liða frá BH, HK, KR og Víkingi.

Kept var í þremur aldursflokkum drengja, 13 ára og yngri, 14-15 ára og 16-18 ára og tveimur hjá stúlkum, 13 ára og yngri og 14-18 ára. KR vann tvo flokka og BH og Víkingur 1,5 flokk hvort félag.

Íslandsmót fullorðinna



Agnés Brynjarsdóttir og Ingi Darvis Rodriguez, bæði úr Víkingi, urðu Íslandsmeistarar í meistaraflokki á Íslandsmótinu í borðtennis, sem lauk í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði sunnudaginn 1. mars. Agnes varði titilinn, sem hún vann í fyrra en Ingi var að vinna sinn fyrsta titil.

Birgir Ívarsson og Magnús Gauti Úlfarsson, BH vorðu titilinn í tvíliðaleik en Harriet Cardew og Sól Kristínardóttir Mixa, BH, eru nýir meistarar í tvíliðaleik kvenna. Magnús Gauti og Sól unnu því tvo titila í meistaraflokki, þar sem þau léku saman í tvenndarleik og sigruðu í þeim flokki. BH vann því alla titlana í paraflokkunum.

Aðrir Íslandsmeistarar voru Eiríkur Logi Gunnarsson, KR og Sól Kristínardóttir Mixa, BH í 1. flokki, og Elvar Pierre Kjartansson, KR og Berglind Anna Magnúsdóttir, KR í 2. flokki.

Það má segja að Íslandsmótið 2020 hafi verið mót unga fólksins, því elstu Íslandsmeistarnir þetta árið eru fæddir árið 2000 (Birgir og Magnús Gauti) og þeir yngstu árið 2006 (Agnés, Berglind og Sól). Framtíðin er því sannanlega björt í íslenskum borðtennis.

Íslandsmót unglunga 2020

Mótið er á dagskrá í KR-heimilinu, Frostaskjóli 10.-11. október 2020 en því var frestað frá fyrri dagsetningu í apríl vegna COVID-19.

Íslandsmót eldri flokka karla og kvenna

Líkt og að framan greinir var Íslandsmót eldri flokka karla og kvenna vorið 2020 fellt niður vegna COVID-19 faraldursins.

Lokamót Grand Prix 2020

Lokamót Grand Prix mótaraðarinnar 2019-2020 vorið 2020 var einnig fellt niður vegna COVID-19 faraldursins. Stigahæst í mótaraðinni voru Nevena Tasic í opnum flokki kvenna og Skúli Gunnarsson og Ellert Kristján Georgsson sem voru jafnir í opnum flokki karla.

Meistarar aldursflokka mótaraðar BTÍ 2019-2020

Eftirfarandi leikmenn voru stigahæstir eftir fimm mót mótaraðarinnar og því krýndir meistarar 9. febrúar 2020. Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR (24, stig, tátur 11 ára og yngri); Tómas Hinrik Holloway, KR (14 stig, hnokkar 11 ára og yngri); Lisbeth Viðja Hjartardóttir, Garpi (16 stig, telpur 12-13 ára); Alexander Chavdarov Ivanov, BH (20 stig, piltar 12-13 ára); Guðrún Margrét Sveinsdóttir, Dímon (16 stig, meyjar 14-15 ára); Eiríkur Logi Gunnarsson, KR og Kristófer Júlían Björnsson, BH (16 stig, jafnir í flokki sveina 14-15 ára); Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir, KR (16 stig, stúlkur 16-18 ára); Þorbergur Freyr Pálmarrsson, BH (22 stig, drengir 16-18 ára).

Bikarkeppni félaga 2019

BH varð bikarmeistari í fyrsta skipti þegar A-lið BH sigraði B-lið BH 4-1 í úrslitum í bikarkeppni BTÍ, sem fór fram laugardaginn 9. nóvember 2019. Leikið var í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði.

Í undanúrslitum lagði BH-A lið Víkings 4-0 en Víkingur hafði unnið bikarinn í síðustu þrjú skipti. Í hinum undanúrslitunum vann B-lið BH A-lið KR 4-2.

Alls voru 7 lið skráð til leiks. Í 8 liða úrslitum vann KR-A KR-B 4-2, Víkingur vann BH-C 4-1 og BH-B vann BH-D 4-0.



Reykjavíkurlaikarnir 2020

Leikmenn búsettir á Íslandi unnu báða flokka Reykjavíkurlaikanna í fyrsta skipti í nokkurn tíma í ár.

Í karlaflokki mættust í undanúrslitum Víkingarnir Magnús Jóhann Hjartarson og Ársæll Aðalsteinsson annars vegar og svo Ellert Kristján Georgsson í KR og Jóhannes Bjarki Tómasson í BH hins vegar. Leikirnir fóru þannig að þeir Magnús og Ellert sigruðu í sínum leikjum eftir harða baráttu og mættust því í úrslitaleik. Eftir framlengingu í síðustu lotu vann Ellert viðureignina og stóð því uppi sem sigurvegari í karlaflokki.



Í kvennaflokki mættust Agnes Brynjarsdóttir og Stella Karen Kristjánsdóttir í öðrum undanúrslitaleiknum en þær eru báðar úr Víkingi. Agnes sigraði þá viðureign og mætti í úrslitum Nevenu Tasic úr Víkingi sem

sígraði Ársól Arnardóttur úr KR í hinum undanúrslitaleiknum. Leikur Nevenu og Agnesar var nokkuð jafn þar sem hver lota vannst naumlega en Nevena vann viðureignina og sígraði í kvennaflokki.

Ýmislegt tengt tímabilinu apríl 2018-ágúst 2020

Æfingabúðir og borðtenniskynningar

Á þessum tíma voru haldnar ýmsar borðtennisæfingabúðir á Íslandi, t.d:

- 28. maí 2018 héldi Skúli og Gestur Gunnarssynri borðtenniskynningu í Þjórsárskóla í Árnesi, nálægt Selfossi (sjá mynd).



- 17. nóvember 2018 héldu Samherjar æfingabúðir í Hrafnagili undir stjórn Bjarna Þ. Bjarnasonar, þjálfara HK (sjá mynd).
- Í desember 2018 og 2019 héldu KR-ingar fjögurra daga æfingabúðir með norskum og dönskum leikmönnum og þjálfurum í íþróttahúsi Hagaskóla.
- Í janúar 2019 héldu Auður Tinna Aðalbjarnardóttir og Tómas Ingi Shelton æfingabúðir fyrir stúlkur í íþróttahúsinu á Hvolsvelli. Aldís Rún Lárusdóttir, Gestur Gunnarsson og Magnús Gauti Úlfarsson voru aðstoðarþjálfarar (sjá mynd).
- Helgina 23.-24. febrúar 2019 héldu Skúli Gunnarsson og Jóhann Emil Bjarnason æfingabúðir fyrir drengi í íþróttahúsinu á Hvolsvelli (sjá mynd).
- Helgina 23.-24. 2019 mars hélt Bjarni Þ. Bjarnason æfingabúðir á Hvolsvelli fyrir Rangárþing, með um 20 þátttakendum.
- 28.-30. desember 2019 héldu Birgir Ívarsson og Magnús Gauti Úlfarsson jólaæfingabúðir í BH.
- 5. mars 2020 kynntu Magnús Gauti Úlfarsson og Gestur Gunnarsson borðtennis í Fjallasal Sunnulækjaskóla í borðtennis. Kynningin heppnaðist vel en þar eru nú haldnar nýjustu reglulegu æfingar íslensks borðtennisfélags (sjá mynd).



Þjálfaranámskeið

Á Íslandi



Alþjóðlegt 1. stigs þjálfaranámskeið á vegum BTÍ í samvinnu við ITTF, undir styrki stjórn Aleksey Yefremov, sem síðar varð landsliðsþjálfari Íslands, fór fram dagana 11.-17. júní 2018 í húsnæði BH við Strandgötu. Þátttaka á námskeiðinu var góð, 11 karlar og 4 konur frá BH, HK, KR, Samherjum og Víkingi tóku þátt. Margir þjálfaranna luku réttindum eftir æfingabjálfun undir leiðsögn Auðar Tinnu Aðalbjarnardóttur og Tómasar Inga Shelton sem höfðu lokið 2. stigs þjálfaranámskeiði á Möltu árið áður.

Ferenc Karsai hélt æfingabúðir og þjálfaranámskeið 2.-7. ágúst 2019 í samvinnu við BTÍ og ETTU í íþróttahúsi Hagaskóla.



Þátttakendur í búðunum voru á aldrinum 10-19 ára. 10-12 stúlkur og 10-12 drengir á hverri æfingu fyrir utan eldri leikmenn sem einnig tóku þátt. Alls voru 9 æfingar, 2 1/2 tími í senn haldnar. Búðirnar sóttu einnig aðrir þjálfarar til að horfa og læra. Æfingar voru mismunandi frá degi til dags, einfaldari fyrir yngstu þáttakendurna (undir 12 ára) en flóknari fyrir cadet og junior leikmenn. Reglulegar æfingar, óreglulegar, kúluæfingar, uppgjafir og móttökur og stuttar átakslotur sem líktu eftir spili í keppni. Einnig var farið yfir tæknileg og taktísk atriði í leik.



Þjálfaranámskeiðið fór fram á þriðjudeginum 6. ágúst og miðvikudeginum 7. ágúst milli kl. 17.00 og 21.00. Það fór fram einnig í æfingaraðstöðu KR og Ferenc til aðstoðar voru Bjarni Bjarnason, líkt og í búðum, auk landsliðsmannanna Birgis Ívarssonar, Ellerts Georgsson og Magnús Gauti Úlfarssonar sem tóku kúluæfingur með Ferenc.

Erlendis

Bjarni Þ. Bjarnason hélt áfram háskólanámi í borðtennisfræðum við Háskólann í Split, Króatíu. Má nefna að í júní 2019 fór hann í námsferð til Tælands á vegum skólans.



Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, þjálfari KR, sótti alþjóðlegt þjálfaranámskeið fyrir kvenkyns þjálfara í Halmstad í maí 2018 og alþjóðlega þjálfararáðstefnu með þjálfurum frá 20 þjóðum á vegum enska borðtennissambandsins og ETTU í London 30. október til 1. nóvember 2019.

Dómaranámskeið og -réttindi



Þann 26. janúar 2019 var haldið dómaranámskeið BTÍ í húsnæði ÍSÍ að Engjavegi í Laugardal. Hannes Guðrúnarson alþjóðadómari var með námskeið þar sem farið var yfir helstu reglur og álitæfni sem dómara geta staðið frammi fyrir í leikjum. Námskeiðnu lauk með landsdómaraprófi.

Á árinu 2020 fjölgaði svo Alþjóðadómurum um einn þegar Auður Tinna Aðalbjarnardóttir stóðs alþjóðadómaraprófið en umsjón með prófinu þetta ár hafði alþjóðadómariinn Pétur Marteinn Urbancic.

YouTube og Facebook

Stjórn BTÍ gat ekki lengur sýnt beint frá deildarleikjum og mótum af YouTube rás sambandsins þar sem lágmarksáskrifendafjöldi fyrir það var færður úr 100 í 1000 manns. Í stað þess var notast við streymi í gegnum Facebook síðu sambandsins. Það framtak hefur mælst vel fyrir. Einnig var ráðist í streymi á stærstu mótunum í miklum gæðum á Youtube í samvinnu við streymisþjónustu.

Fjölmiðlaumfjöllun

Þáttur borðtennisíþróttarinnar fór vaxandi í íslenskum fjölmiðlum árin 2018-2020 og er það vel. Sem dæmi um það má nefna:

- Haustið 2018 var fjallað um Guðmund Stephensen og Kolfinnu Bergþóru Bjarnadóttur hvort í sínum þættinum af Íþróttafólkinu okkar á RÚV.
- Íþróttin fékk tvívegis stóra umfjöllun á baksíðu Morgunblaðsins, fyrst þegar fjallað var um þá staðreynd að fimm systkini (síðust Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, 8 ára) hefðu Íslandsmeistarar í borðtennis og síðar þegar viðtal var tekið við Nevenu Tasic um óslitna sigurgöngu hennar í íslenskum kvennaborðtennis frá því hún hóf keppni vorið 2018.
- Talsverða athygli vakti þegar Agnes Brynjarsdóttir varð yngsti Íslandsmeistari kvenna frá upphafi, aðeins 12 ára gömul og var fjallað um það í öllum helstu miðlum. Agnes fékk áður einnig sérstaka umfjöllun í barnablaði Morgunblaðsins þar sem hún fjallaði um borðtennisiðkun sína.
- Vorið 2019 sýndi mbl.is myndband frá Raflandsdeildinni og fjallaði um að BH hefði í fyrsta sinn orðið Íslandsmeistari í deidarkeppninni í borðtennis.

Þátttaka leikmanna árin 2017-2019

Alls tóku 533 leikmenn frá 21 félögum þátt í mótum á Íslandi á vegum BTÍ árin 2017-2019. Það er fjölgun um 58 leikmenn frá síðustu úttekt, sem var gerð fyrir árin 2015-2017. Árin 2013-2015 léku 495 leikmenn í mótum á vegum BTÍ.

Flestir voru leikmenn KR, 150 talsins, 76 kepptu fyrir Dímon, 71 fyrir BH og 68 fyrir Víking. Fyrir önnur félög kepptu 32 eða færri keppendur.

Breytingar á reglugerðum BTÍ 2018-2020

Vinna við breytingar og uppfærslur á reglugerðum hélt áfram á tímabilinu og var leidd af ritara sambandsins, Auði Tinnu Aðalbjarnaredóttur. Reglugerðirnar hafa verið birtar á heimasíðu sambandsins undir flípanum „Um BTÍ“ og „Lög/reglugerðir“.

Fyrir utan lagfæringar á stafsetningu eða óþarfa tvítekingu var einkum um eftirfarandi breytingar að ræða:

1. Við reglugerð BTÍ um flokkakeppni var bætt ákvæði um lánsleikmenn, þannig að deildarlið geti fengið lánaða leikmenn frá öðru félagi sem spila fyrir félag sitt á öðrum mótum. Með þessu móti geta t.d. fámennar borðtennsdeildir sameinast um þátttöku.
2. Aldursflokkamótaröðinni lýkur ekki lengur með lokamóti (frá vori 2019), heldur gildir samanlagður árangur yfir veturinn og verða meistaraar í hverjum flokki krýndir á síðasta aldursflokkamóti vorsins.
3. Ákvæði bætt við um það að ef lið teflir fram röngum leikmanni í flokkakeppninni tapist viðkomandi leikur.
4. Ákvæðum bætt við sem kynnt voru á vef BTÍ í desember 2017 um að í leikmannaskiptaglugga megi mest færa úr liði helming þeirra leikmanna sem leikið hafa fyrir liðið á haustönn.
5. Ákvæði bætt við um að keppnistímabilið 2018-2019 verði úrslitakeppnin með áður kynntum hætti (undanúrslit eru tvær viðureignir um helgi og úrslit ein viðureign, einnig um helgi).
6. Næsta keppnistímabil varð úrslitakeppnin svo að undanúrslit skyldi vera ein viðureign og úrslitin ein viðureign.
7. Í samræmi við framkvæmd var eftirfarandi bætt við reglugerðina um flokkakeppni: „Í unglingsflokkum er félögum heimilt að tefla fram sameiginlegum liðum, með það að markmiði að fleiri lið og fleiri leikmenn geti tekið þátt í keppninni.“
8. Ákvæði um úrslitakeppni í 1. deild kvenna breytt svo að leikin verða undanúrslit ef 5 eða fleiri lið keppa í deildinni (í stað sex liða áður).
9. Ákvæði um leik milli 5. sætis liðsins í 1. deild karla og 2. sætis liðsins í 2. deild karla var fjarlægð úr reglugerðinni.
10. Loks var ákvæði um frestun leikja stýtt verulega vegna bættrar framkvæmdar í þeim málum. Hljóðar ákvæðið nú svo:
„Mótanefnd getur veitt samþykki á breyttum leikdegi ef rík ástæða er til (svo sem vegna þátttöku landsliða í heims- eða Evrópumótum) og öll lið eru því samþykk. Slík breyting skal gerð með minnst 14 daga fyrirvara.“

Stjórn BTÍ hefur það að markmiði að reglur hreyfingarinnar séu skýrar, sanngjarnar, í samræmi við framkvæmd og taki mið af reynslu og þekkingu félagsmanna. Því eru allar ábendingar um mistök eða sjálfstæðar tillögur velkomnar til stjórnar.